

Landsnet
Árni Jón Elíasson
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 9. ágúst 2013

Tilvísun: 201210048 / 5.2

Efni: Kröflulína 3, 220 kV - ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu Landsnets að matsáætlun um Kröflulínu 3, 220 kV, í Skútustaðahreppi, á Fljótsdalshéraði og í Fljótsdalshreppi.

Efla hf., f.h. Landsnets, sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 25. febrúar 2013 ásamt tillögu að matsáætlun:

Landsnet. Kröflulína 3, 220 kV. Febrúar 2013.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi, Skútustaðahreppi, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Landgræðslu ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarði. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Fljótsdalshéraði með tölvubréfi dags. 21. apríl 2013, Fljótsdalshreppi með bréfi dags. 7. mars 2013, Skútustaðahreppi með bréfi dags. 15. apríl 2013, Ferðamálastofu með bréfi dags. 4. apríl 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 1. mars 2013, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 6. mars 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 14. mars 2013, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 11. mars 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 8. mars 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 11. mars 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. mars 2013 og Vatnajökulspjóðgarði með tölvubréfi dags. í mars 2013.

Skipulagsstofnun bárust athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Eydísi Franzdóttur með tölvubréfi dags. 15. mars 2013, Herði Einarssyni með tölvubréfi dags. 15. mars 2013, Landvernd með tölvubréfi dags. 15. mars 2013, Náttúruverndarsamtökum Íslands með tölvubréfi dags. 15. mars 2013, Ólafi Valssyni með tölvubréfi dags. 10. mars 2013 og Sif Konráðsdóttur með bréfi dags. 10. mars 2013.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda með tölvubréfum dags. 24. júní, 22. júlí og 7. ágúst 2013.

Skipulagsstofnun sendi Landsneti bréf dags. 9. júlí 2013 þar sem fyrirtækinu var gerð grein fyrir því að vegna verkefnastöðu hjá stofnuninni og sumarleyfa yrðu tafir á afgreiðslu málsins.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Landsnet setti fram í tölvubréfum dags. 24. júní, 22. júlí og 7. ágúst 2013 og með eftirfarandi athugasemdum.

Krafa um sameiginlegt mat

Á kynningartíma tillögu að matsáætlun Landsnets vegna nýbyggingar 220 kV háspennulínu frá Kröflustöð að tengivirki við Fljótsdalsstöð, þ.e. Kröflulínu 3, bárust Skipulagsstofnun fjórar athugasemdir við tillöguna sem snéru að ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. um að þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri geti Skipulagsstofnun, að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

Í athugasemdunum kom fram krafa um að fram fari sameiginlegt mat umhverfisáhrifa fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 með háðum framkvæmdum þeirri framkvæmd, skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og var þá bæði vísað til Blöndulínu 3 sem og línuleiða frá Akureyri að Kröflu.

Með bréfi dags. 4. apríl 2013 óskaði Skipulagsstofnun, á grundvelli rannsóknarreglu stjórnáráðgjafar, eftir upplýsingum frá Landsneti um hvort áformaðar væru aðrar framkvæmdir af hálfu fyrirtækisins sem væru háðar Kröflulínu 3 og/eða á sama svæði og sem talist gætu fyrirhugaðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Í bréfi Skipulagsstofnunar var bent á að hugtakið „fyrirhuguð framkvæmd“ væri ekki skýrt í lögum um mat á umhverfisáhrifum, en í úrskurði umhverfisráðherra frá 28. janúar 2010 vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um sameiginlegt mat SV-lína hefði hugtakið „fyrirhuguð framkvæmd“ skv. 2. mgr. 5. gr. verið skilgreint á þann hátt að framkvæmdin væri komin á það stig að geta hlotið málsmeðferð skv. IV. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun benti ennfremur á í fyrrnefndu bréfi sínu til Landsnets að með vísan til fyrrgreinds úrskurðar væri ekki hægt að taka til sameiginlegs mats framkvæmdir þar sem lokið er ferli mats á umhverfisáhrifum. Í úrskurðinum kemur eftirfarandi fram: „Ráðuneytið telur [...] ljóst að í lögum er einungis gert ráð fyrir því að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar fari fram einu sinni...“ Því taldi Skipulagsstofnun það ekki geta komið til álita að taka til skoðunar hvort meta skuli umhverfisáhrif Blöndulínu 3 í sameiginlegu mati með öðrum framkvæmdum, en matsferli hennar lauk með áliti Skipulagsstofnunar um Blöndulínu 3, dags. 29. janúar 2013.

Skipulagsstofnun bárust svör Landsnets dags. 19. apríl 2013. Í kjölfarið óskaði Skipulagsstofnun frekari upplýsinga frá Landsneti í bréfi dags. 24. apríl 2013 og barst svar við því dags. 2. maí 2013.

Í ljósi upplýsinga sem komu fram í svörum Landsnets um stöðu framkvæmda hjá Landsneti var það niðurstaða Skipulagsstofnunar að ekki væru forsendur fyrir því að taka ákvörðun á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Mati á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 væri lokið og aðrar framkvæmdir á vegum fyrirtækisins ekki komnar á það stig að geta talist „fyrirhugaðar“ skv. ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun sendi viðkomandi aðilum bréf dags. 10. maí sl. með fyrrnefndri niðurstöðu.

Þörf fyrir 220 kV háspennulínu og flutningsgeta

Í kafla 2.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað nánar um þörf fyrir styrkingu raforkukerfisins með byggingu 220 kV línu til viðbótar við núverandi 132 kV línu og áætlaðan tímaramma við spennuhækkun byggðalínuhningsins. Í athugasemdum, m.a. frá Landvernd, er talin þörf á að gera grein fyrir í tillögu að matsáætlun hvaða þörf sé til staðar fyrir fyrirhugaða háspennulínu og tengja þá þörf við flutningsgetu hennar. Skipulagsstofnun tekur undir framangreindar athugasemdir. Í frummatsskýrslu þarf að skýra hvers vegna nauðsynlegt er að byggja

220 kV línu, hvort og þá hvers vegna ekki er talið nægilegt að byggja nýja 132 kV línu eða styrkja núverandi línu. Jafnframt verði gerð grein fyrir þörf þess að núverandi 132 kV lína standi áfram sem og upplýsingar um hvort að ætlunin er að reka nýju línuna á 132 kV spennu í upphafi og þá hve lengi. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að umfjöllun í frummatsskýrslu fyrir þörf 220 kV Kröflulínu 3 verði markvissari en var í frummatsskýrslu og matsskýrslu um Blöndulínu 3 þar sem niðurstaða í áliti stofnunarinnar var sú að forsendur og rökstuðningur Landsnets fyrir þörf 220 kV línu væri háð töliverðri óvissu.

Þá bendir Skipulagsstofnun á það sem fram kemur í athugasemd Landverndar um tillögur nefndar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um lagningu raflína í jörð (jarðstrengjanefndin), sem skilaði skýrslu í febrúar sl. en þar var lagt til að þörf á lagningu raflína sé skilgreind og kynnt hagsmunaaðilum og almenningi mun fyrir í ákvörðunarferli um lagningu raflína en nú er (þessi atriði koma fram í skýrslunni í upphafi kafla um undirbúning framkvæmdar). Skipulagsstofnun tekur undir þetta atriði með Landvernd. Í frummatsskýrslu þarf að skýra frá þessum niðurstöðum, auk þess sem eðlilegt er að fjalla að öðru leyti um helstu niðurstöður nefndarinnar í frummatsskýrslunni sem varða uppbyggingu mannvirkja á borð við Kröflulínu 3.

Valkostir-jarðstrengir-loftlínur

Í kafla 2.2.6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðstrengi. Við kynningu tillögu að matsáætlun komu fram athugasemdir um lagningu jarðstrengja í stað loftlína, m.a. frá Landvernd, sem benti á að ekki væri endilega um að ræða að leggja ætti mat á umhverfisáhrif af lagningu jarðstrengja á allri línuleiðinni, heldur á tilteknum köflum þar sem sérstök ástæða væri til að kanna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínur. Í því sambandi var bent á að niðurstaða nefndar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um lagningu raflína í jörð (jarðstrengjanefndin) hafi verið á þá leið að á ákveðnum svæðum ætti ávallt að skoða bæði jarðstrengi og loftlínur, m.t.t. áhrifa á umhverfi, óháð því hvort umtalsverður kostnaðarmunur væri á þeim (bls. 9-10 í skýrslu nefndarinnar). Í ljósi ofangreinds leggur Skipulagsstofnun áherslu á að í frummatsskýrslu þurfi að setja fram valkost sem jarðstreng á afmörkuðum svæðum ef aðstæður kalla á slíkt, s.s. á viðkvæmum svæðum m.t.t. sjónrænna áhrifa og/eða á verndarsvæðum. Ennfremur tekur Skipulagsstofnun undir það sem fram kemur í umsögn Fljótsdalshrepps um að metin verði umhverfisáhrif annarra kosta en að leggja loftlínu ofan af Valþjófsstaðafjalli. Í því sambandi er vakin athygli á því sem fram kemur í umsögn Landverndar um verndargildi Valþjófsstaðarfjalls, skv. sérfræðiskýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um Kárahnjúkavirkjun.

Fram hefur komið í umfjöllun um aðrar framkvæmdir Landsnets, s.s. Blöndulínu 3 að á grundvelli þeirra laga sem Landsnet starfar eftir, vinni fyrirtækið eftir þeirri stefnu að tengingar á 220 kV spennu og hærri séu lagðar sem loftlínur nema í algjörum undantekningartilfellum, s.s. við einstæðar umhverfisaðstæður og í þéttri íbúðarbyggð. Auk þess kemur fram í svörum Landsnets við athugasemdum Landverndar að samkvæmt stefnu Landsnets sé heimilt að skoða jarðstrengslausnir á 220 kV spennu m.a. við eftirfarandi aðstæður: „þegar loftlínutenging er ekki talinn skynsamlegur kostur vegna aðstæðna, s.s. vegna öryggismála, sértækra landfræðilegra aðstæðna eða umhverfissjónarmiða. Með þessum aðstæðum er átt við eftirfarandi: 1. Línulögn innan þjóðgarða, friðlanda eða fólkvanga sem eru hvort tveggja í senn: a. friðlýst samkvæmt lögum um náttúrvernd vegna sérstæðs landslags og b. niðurstaða mats á umhverfisáhrifum er sú að ófært er talið að leggja loftlínu um viðkomandi svæði eða sneiða hjá því“. Skipulagsstofnun telur að auk þessa beri Landsneti að horfa til fyrrnefndrar niðurstöðu jarðstrengjanefndarinnar um að á ákveðnum svæðum ætti ávallt að skoða bæði jarðstrengi og loftlínur, m.t.t. áhrifa á umhverfi, óháð því hvort umtalsverður kostnaðarmunur sé á þeim. Skipulagsstofnun telur að þó að tillögur jarðstrengjanefndar hafa ekki verið formlega samþykktar og að viðmið um það hvenær jarðstrengur skuli skoðaður ásamt loftlínu skilgreind, þá sé tilefni til að kanna lagningu og meta umhverfisáhrif 220 kV loftlínu og jarðstrengs til jafns á tilteknum köflum leiðarinnar.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að almennur samanburður á loftlínunum og jarðstrengjum eins og Landsnet fyrirhugar í frummatsskýrslu Kröflulínu 3 og felst í almennri umfjöllun um umhverfisáhrif, kostnaðarmun og erfiðleika við viðgerð jarðstrengja í samanburði við loftlínur, þ.e. án samanburðar sem miðaður er við tiltekna framkvæmd, staðhætti og framkvæmdasvæði geti ekki talist fullnægjandi samanburður kostnaðar í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að slík almenn umfjöllun um jarðstrengi og loftlínur eins og Landsnet hefur m.a. lagt fram í frummatsskýrslum um Blöndulínu 3 og SV-línur geti hins vegar átt heima í umfjöllun um loftlínukosti. Mat á jarðstreng á afmörkuðum svæðum á línuleiðinni, í samræmi við það sem rakið hefur verið hér að ofan, þarf að vera ítarlegt m.t.t. hinna mismunandi umhverfisþátta og lagt fram á sambærilegan hátt eins og við umhverfisáhrif loftlínur í frummatsskýrslu.

Þá bendir Skipulagsstofnun á að athugasemdir bárust um stefnu ýmissa Evrópuríkja um lagningu jarðstrengja annars vegar og loftlína hins vegar. Stofnunin telur að ástæða sé til að fjalla í frummatsskýrslu um þetta atriði.

Aðrir valkostir

Í inngangskafli tillögu að matsáætlun og kafla 2.2.6 kemur fram að Landsneti beri, skv. 9. gr. raforkulaga, að byggja flutningskerfi raforku upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Skipulagsstofnun bendir á að í markmiðsgrein raforkulaga kemur jafnframt fram að taka beri tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti. Þá minnir stofnunin á að eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga skal eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Ein leið að því markmiði er að bera saman umhverfisáhrif mismunandi valkosta.

Skipulagsstofnun bendir á að í tillögu að matsáætlun Kröflulínu 3 er ekki gert ráð fyrir að aðrir leguvalkostir séu skoðaðir vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar utan þess að settir eru fram 2-3 leguvalkostir við Kröflu. Ekki er gert ráð fyrir öðrum loftlínukostum sem kynnu að hafa minni umhverfisáhrif en gætu þjónað markmiðum framkvæmdarinnar þó ekki væri til næstu 70 ára, sbr. svör Landsnets við athugasemdum Sifjar Konráðsdóttur. Skipulagsstofnun bendir í þessu sambandi á að í tilfalli Blöndulínu 3 er gert ráð fyrir að hún verði rekin á lægri spennu í allt að áratug eða lengur. Sé það sama uppi á teningnum í tilviki Kröflulínu 3 telur Skipulagsstofnun vel koma til álita að skoðaður verði sá valkostur í mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar að byggð verði 132 kV lína, samsíða núverandi línu en slík lína yrði væntanlega minna mannvirki og neikvæð umhverfisáhrif hennar minni. Slík lína kynni að uppfylla orkupörf á Norðausturlandi til náinnar framtíðar. Í ljósi framlagðra gagna telur stofnunin enn fremur að ekki sé ólíklegt að gera megi ráð fyrir að á næstu árum dragi úr þeim kostnaðarmun sem er á jarðstrengjum og loftlínunum. Þannig geti jarðstrengur orðið fýsilegri kostur m.t.t. kostnaðar og viðhaldsaðgengis.

Slóðagerð

Í kafla 2.3.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um slóðagerð. Þar kemur m.a. fram að nauðsynleg breidd núverandi og nýrra slóða sé áætluð um 4-5 metrar en að umfang slóða sé afar mismunandi eftir jarðvegi og aðstæðum á hverju svæði. Í athugasemdum Landverndar er bent á að vegslóðir hafi í raun verið breiðari en gert hafi verið ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum vegna Sultartangalínu 3 og einnig er bent á í athugasemdum Sifjar Konráðsdóttur að línuvegir verði, skv. skýringarmynd í tillögu að matsáætlun, 7-8 metra breiðir með fláum. Landsnet telur í svörum að ekki sé um að ræða vegi heldur aðkomuleiðir sem ekki sé nauðsynlegt að séu samfelldar og verði lagt mat á áhrif þeirra á gróður og jarðmyndanir í mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur ljóst að skv. framlögðum gögnum verður umfang beins rasks 7-8 m breitt við gerð línuvega og vill stofnunin leggja áherslu á að línuvegir eru hluti af hinni fyrirhuguðu framkvæmd og að leggja skal mat umhverfisáhrif þeirra á sjónræn áhrif þeirra og fornleifar auk gróðurs, fugla og jarðmyndana. Í frummatsskýrslu verði lega nýrra og endurbyggðra línuvega sýnd og upplýsingar um lengd og umfang þeirra. Fram kemur í tillögu að matsáætlun að í frummatsskýrslu verði gerð frekari grein fyrir slóðagerð við mismunandi aðstæður. Í ljósi þess sem að framan greinir áréttar Skipulagsstofnun að ekki sé nægjanlegt að setja

fram almenna umfjöllun um slóðagerð, heldur þarf að meta umhverfisáhrif miðað við fyrirhugaða framkvæmd.

Efnistaka

Í svörum Landsnets við umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur m.a. eftirfarandi fram: „Gert er ráð fyrir að efni sé tekið frá stöðum sem þegar hafa hlotið tilskilin leyfi og því lokið öllum nauðsynlegum undirbúningsferlum, þ.e. staði þar sem Landsnet getur keypt efni en sér ekki um rekstur viðkomandi efnistökuastaða. Því til viðbótar er gert ráð fyrir því að ef það er metið sem svo að opna þurfi nýja efnistökuastaði vegna þessarar tilgreindu framkvæmdar verði fjallað um þá á nægilegan hátt m.t.t. laga um mat á umhverfisáhrifum, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, skipulagslaga og náttúruverndarlaga“. Skipulagsstofnun vill leggja áherslu á að það komi skýrt fram í frummatsskýrslu hvert sé magn efnis úr hverri námu. Skv. ofangreindu er gert ráð fyrir að efni verði tekið úr námum sem hafa farið í gegnum ferli mats á umhverfisáhrifum. Ef það reynist ekki unnt þarf að leggja mat á umhverfisáhrif efnistöku úr viðkomandi námum sem hluta mats á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3, óháð frá því hvort að um er að ræða nýjar eða eldri námur, á hina ýmsu umhverfisþætti, s.s. jarðmyndanir, sjónræn áhrif og áhrif á landslag, fugla, gróður, fornleifar og lífríki straumvatna. Í þessu sambandi minnir Skipulagsstofnun á að í áliti stofnunarinnar vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 kom fram að efnistaka vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar hafði ekki hlotið málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun bendir á það sem fram kemur í svörum Landsnets við umsögn Landverndar um niðurstöður í rannsókn Stofnunar Sæmundar fróða við Háskóla Íslands árið 2012 sem sannreyndi spár í umhverfismati Sultartangaslínu-3. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að nær ómögulegt reyndist að sannreyna þær spár sem settar voru fram í matsskýrslu um umhverfisáhrif á hina mismunandi umhverfisþætti, þ.e. hver hin raunverulegu áhrif hafi verið. Skipulagsstofnun hvetur Landsnet til að taka mið af niðurstöðum þessarar könnunnar við mat á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3.

Í kafla 4.5.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fugla. Ekki er tilgreint að fyrirhugað sé að leggja eigi mat á áflugshættu fugla. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á áflugshættu með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og eftir atvikum setja fram mótvægisáðgerðir til að draga úr þessari hættu.

Í umsögn Vatnajökulspjóðgarðs er bent á nauðsyn þess að metin verði sjónræn áhrif línunnar á ferðamennsku, sérstaklega með tilliti til umferðar á vegi F88, metin verði áhrif á útivist með áherslu á veiði í Skarðsá og metin áhrif mengunar og rasks innan þjóðgarðs á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun tekur undir þessar ábendingar og leggur áherslu á að þetta mat fari fram og niðurstöður þess komi fram í frummatsskýrslu.

Í svörum Landsnets við athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun kom fram að ekki sé gert ráð fyrir því að fjalla um raf- og segulsvið vegna háspennulínunnar enda er línan ekki í nálægð við byggð svæði. Ekki er fjallað um þetta atriði í tillögu að matsáætlun og telur Skipulagsstofnun eðlilegt að þetta komi fram í frummatsskýrslu.

Í svörum Landsnets við athugasemdum (tl. 9.15) kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að línan hafi áhrif á aðra landnotkun en útivist og ferðamennsku. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi engu að síður að koma fram upplýsingar um hvaða jarðir línan komi til með að þvera og hvert verði umfang byggingarbanns á hverri jörð. Í skýringum með loftmyndum í tillögunni er getið um jarðamörk en erfitt er að átta sig á þessum mörkum á myndunum og þurfa þau að vera skýrari.

Í kafla 4.5.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðmyndanir. Þar kemur ekki fram að fyrirhuguð lína muni liggja um eldhraun sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Þessu þarf að gera grein fyrir í frummatsskýrslu bæði hver er lengd þess línuhluta sem liggur um hraun og áætlað umfang rasks vegna framkvæmda og áðgerðir til þess að koma í veg fyrir eða draga úr raski á eldhraunum.

Tengivirki

Í kafla 3.1.1 í tillögu að matsáætlun er minnst á að fyrirhugað sé að byggja nýtt tengivirki við Kröflu. Gera þarf grein fyrir þessu mannvirki, umfangi þess, staðsetningu og umhverfisáhrifum í frummatsskýrslu, þar sem það er hluti af fyrirhuguðum framkvæmdum við Kröflulínu 3.

Framkvæmdatími

Í athugasemdum var bent á að ekki lægi fyrir tímaáætlun fyrir framkvæmda- og rekstartíma. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að áætlanir um framkvæmda- og rekstartíma komi fram í frummatsskýrslu í samræmi við tl. 1 í 18. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Frágangur

Í kafla 2.3.6 í tillögu að matsáætlun er minnst á frágang. Í samræmi við ábendingar í umsögn Landgræðslu ríkisins um bætur að ígildi fyrir þann gróður og jarðveg sem kann að tapast þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar í frummatsskýrslu um umfang þeirra gróðursvæða sem kunna að raskast í hekturum auk upplýsinga um uppgræðsluáætlanir og að fram komi að slíkar áætlanir verði unnar í samráði við Landgræðslu ríkisins.

Meginflutningskerfið

Vegna ábendingar í athugasemd um ónákvæmt orðalag um að meginflutningskerfi raforku hér á landi sé rekið á 220 kV spennu en hluti þess á 132 kV telur Skipulagsstofnun að orðalag það sem kemur fram í svörum Landsnets við athugasemdinni (liður 9.3) eigi að koma fram í frummatsskýrslu, í stað fyrrnefnds orðalags í tillögu að matsáætlun.

Skipulag og leyfi

Í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulagsáætlanir. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvort búið verður að staðfesta breytingartillögu Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 um Kröflulínu 3 og gera grein fyrir stöðu Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2002-2014 m.t.t. línunnar. Þá þarf að skýra frá hvort breyta þurfi deiliskipulagi mannvirkja Kárahnúkavirkjunar vegna Kröflulínu 3 auk þess sem greina þarf frá stöðu deiliskipulags fyrir Kröfluvirkjun, m.t.t. línunnar.

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hugsanlegu/m svæði/svæðum fyrir vinnubúðir og áætluðu umfangi þeirra og að gera grein fyrir þeim atriðum sem varða vinnubúðir sem bent er á í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Þá vekur Skipulagsstofnun athygli á að vinnubúðir kunna að vera deiliskipulagsskyldar.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna og athugasemda.

Afrit: Skútustaðahreppur, Fljótdalshreppur, Fljótsdalshérað, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Landgræðsla ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjórðgarður.